

Fundur skólaráðs Kópavogsskóla ásamt stjórn foreldrafélagsins (fjarfundur) föstudaginn 4. sept. 2020

Mættir á fundinn: Guðmundur skólastjóri, Jóhannes og Sólveig fulltrúar foreldra, Kristinn fulltrúi kennara og Ragnheiður, Katrín, Margrét Hulda og Lilja fulltrúar foreldrafélags og Guðný aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

Guðmundur bíður alla velkoma og sýnir dagsskrá skólaráðs í vetur, hægt að sjá á heimasíðu skólans. Farið yfir nokkur atriði fyrir skólaárið 2020 - 2021.

Breytingar á starfsmönnum. Nemendum hefur fækkað. 1. bekkur minni en bekkurinn sem við útskrifuðum í fyrra.

13 nemendur í hvorum hópi í 1. bekk. Nýir nemendur í aðrar deildir eru 10 en það hætta líka 10 nemendur í deildunum.

Sindri rekstrarstjóri getur sent okkur áætlun fjölda nemenda fyrir næsta vetur.

Viðhald: Skipt um þak á einni álmunni, suðurhlíð skólans var klædd og skipt um glugga í henni. Mikil munur á stofunum.

Kristinn segir að þetta sé algjör lúxus, heitara í stofunum en hægt að opna fleiri glugga.

Einnig var skipt um gólfduk í tveimur stofum 121 og 122. Við vorum líka með áhyggjur af vinnuherbergi kennara en við bjuggum til vinnuherbergi í stofu 201 og gamla vinnuherbergið í fundaherbergi. Við erum að skipta um ljósritunarvél og vinnuástaðan batnar mikið við þessar breytingar.

Breytingar sem við höfum gert út af Covid: Færðum til frímínútur hjá miðstigi og fara þá þeir starfsmenn í kaffi kl. 9:30 - 9:50. Aðrir hlutir eru svipaðir. Matatíma eins og í fyrra. Erum með fundartíma á sama tíma og í fyrra á þriðjudögum.

Við fengum aukinn kvóta í sérúrræði.

Jóhannes spyr um að ef það kemur upp smit fer þá allur hópurinn í sótkví. Guðmundur talar um að það sé líklegt.

Xxx er einhver annar skóli með skipt í álmur. Við viltum það ekki.

Sumir kennarar kjósa að vera sem mest í stofunni sinni og við erum með einstefnu á starfsmannastofunni.

Guðmundur spyr hvernig nemendur séu stefnir fyrir því að byrja í skólanum. Foreldrar tala um að nemendur kunni að meta þetta.

Guðmundur talar um að við þurfum að vera viðbúin erfiðleikum sem gætu komið upp vegna stöðu atvinnulífsins.

Ragnheiður spyr um aukninguna hjá sálfræðingi. Guðmundur talar um aukinn tímafjölda sem sálfræðingur er í húsi.

Ragnheiður fundaði með stjórn foreldrafélagsins og fannst það áhugavert.

Haustfundir umsjónarkennara með foreldrum verða rafrænir þetta árið.

Ragnheiður talar um að gott væri að hafa iPadana heima þessa viku svo hægt sé að nota þá. Verið er að skoða að fá foreldra 1. bekk í skólann svo hægt sé að halda því sem eðlilegast.

Gott væri að dreifa pappírur frá foreldrafélaginu áður en fundirnir eru. Spjallað um hvernig hægt sé að fá foreldra til að taka þátt.

Rætt um að mikilvægt sé að halda foreldraröltinu virku.

Hugmynd um að hafa opin dag fyrir foreldra í stafrænu formi.

Guðmundur ræðir um kennsluáætlanir. Sýnir áætlun frá upplýsingatækni fyrir 5. bekk.

Kristinn ræðir um að þetta sé lifandi skjal sem hægt er að breyta og bæta og að hann setji link inn á mentor.

Guðmundur talar um að mentor og Class room

Foreldrar ánægir með heimasíðu hjá 7. bekk.

Guðmundur ræðir um að mentor sé nemendaskrá skólans auka samskipta milli skóla og heimila.

Farið er í að það sé ekki einn tími fyrir viðtalstíma heldur sendi póst og kennari hringi til baka.

Guðmundur fer í skýrslu um innramat skólans. Gengið var frá stærstum hluta skýrslunnar í vor en það á eftir að klára umbótaliðinn. Í fyrra var send út starfsmannakönnun og nemendakönnun. Í ár er það foreldrakönnun og nemendakönnun.

Ragnheiður spyr hvort að það hafi verið eitthvað áberandi í könnunum og hvenær verður hún kynnt.

Guðmundur ræðir um starfsaðstöðu kennara og mötuneyti nemenda. Skýrsla verður kynnt eins fljótt og hægt er. Skýrslan er unnin einu sinni á ári.

Lesferill lagður fyrir í september.

Ragnheiður spyr um hvað það er sem var gert fyrir 2 árum en það er ytra matið.

Jóhannes talar um að það skipti máli að skólastjórnendur taki ákvörðum um hvort að samræmd próf skipti máli.

Mikið rætt um samræmd próf. Guðmundur ræðir um að markmið einkunnagjafar í bókstöfum sé samræming innanlands og einnig á milli landa hvað markmið vrðar.

Önnur mál.

Jóhannes Við fengum mikið hrós fyrir að standa okkur vel í fjarkennslu en nú eru ipadarnir hafðir hér í skólanum.

Fundi slitið kl. 9:00